
Lagning stofnæðar hitaveitu frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 7. september 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá RARIK um fyrirhugaða lagningu stofnæðar hitaveitu frá Hoffelli að Höfn, Sveitarfélaginu Hornafirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lagning hitaveitu frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði. Fyrirspurn um matsskyldu. September 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Hornafirði með tölvubréfi dags. 10. október 2018.
- Fiskistofu með tölvubréfi dags. 19. október 2018.
- Hafrannsóknastofnun með tölvubréfi dags. 25. september 2018.
- Minjastofnun Íslands með tölvubréfi dags. 26. september 2018.
- Umhverfisstofnun með tölvubréfi dags. 28. september 2018.
- Vegagerðinni með tölvubréfi dags. 14. nóvember 2018

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 1. og 5. október 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila fyrirhugað sé að leggja stofnæð hitaveitu frá nýju athafnasvæði RARIK við Hoffell um 20 km leið til Hafnar í Hornafirði. Framkvæmdin feli í sér eftirfarandi verkþætti:

- Jöfnunartank sem sé áætlaður við Hoffell. Hann muni gegna hlutverki gasskilju/safngeymis í námunda við vinnsluholur. Áætlað sé að tankurinn verði 10 metrar í þvermál og að rúmmál hans verði 314 m³. Muni hann vera staðsettur í 20 metra hæð yfir hæðarkvóta stjórnhúss, ekki er búið að festa staðsetningu að öðru leyti.
- Stofnæð sem verði foreinangruð pípa af stærðinni DN 250/400 mm og verði hún um 19 km á lengd. Verði hún niðurgráfin og skurðurinn verði 60-100 cm breiður og 80-120 cm djúpur. Einnig verði ljósleiðari lagður með stofnæðinni.
- Stjórnhús sem verður um 120 m² og verður það staðsett í nágrenni borholanna. Áætlað er að mænishæð hússins verði allt að 4 metrar.
- Dælustöðvar sem verði þrjár talsins og sé áætluð stærð hvernar þeirra um 100 m². Ein verði í stjórnhúsinu, ein í landi Stapa og ein í/við kyndistöðina á Höfn.

Ekki sé enn ljóst hve mikið magn þurfi að nota af sandi og möl við framkvæmdina, fari það eftir því hvernig jarðvegur sé á botni skurðanna á hverjum stað, en reiknað sé með að það verði óverulegt.



Efni verði tekið úr viðurkenndum námum á núverandi efnistökusvæðum sem eru á gildandi aðalskipulagi. Til samanburðar megi nefna að í sambærilegu verkefni RARIK vegna stofnæðar hitaveitu frá Blönduósi að Skagaströnd hafi verið áætlaðir um 10 rúmmetrar af sandi og 20 rúmmetrar af grús í lögn sem samtals hafi verið um 20 km. Efnisnotkun hafi þó reynst minni en áætlað hafi verið. Lögnin muni liggja meðfram Hoffellsvegi, Hringveginum og Hafnarvegi ásamt því að hann verði lagður í vegkant hluta af leiðinni. Fram kemur að athafnasvæði vegna skurðagerðar og lagningar pípu verði um 15 metrar. Ekki er talið að það þurfi að leggja nokkra vegslóða og fram kemur að vandað verði til verka í frágangi eftir framkvæmdina. Vegagerðin bendir á að allar framkvæmdir á veghelgunarsvæðum vega skuli vera í samráði og með samþykki Vegagerðarinnar.

4 UMHVERFISÁHRIF

Gróðurlendi og vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdarsvæðið einkennist af votlendi, ræktuðu landi og graslendi. Af því sé þurrlandi 53% og votlendi 34%. Þurrlandið sé að mestu ræktað land, gras- og blómlendi. Af votlendi sé útbreiddast deiglendi og þar á eftir mýrar. Flóar komi einnig fyrir í litlum mæli.

Fram kemur að helstu vistgerðir í votlendi séu starungsmýri, hrossanálavist, gulstararfitjavist, sjávarfitjavist. Helstu vistgerðir í graslendi séu grasengjavist, língresis- og vingulvist og snarrótavist. Verndargildi sé meðal annars hátt í starungsmýri, gulstararfitjavist og sjávarfitjavist. Háplöntur með verndargildi séu efjustúfur, strandsauðlaukur, skriðstör, engjavöndur, efjugras og hjartanykra. Talið sé að rask á gróðurlendi sé lítið vegna þess að lögnin er að mestu meðfram vegum og vegslóðum.

Fram kemur að á einum stað á lagnaleiðinni sé talið óhjákvæmilegt að leggja lögnina um flæðimýri á milli Hólaness og Dilkness sem njóti sérstakrar verndar sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Lengd pípunnar á þessu svæði verði um 700 metrar og verði vinnusvæðið afmarkað sérstaklega og verði að hámarki 15 metrar að breidd. Raskað svæði verði því að hámarki um 11.000 m². Uppgrafið efni verði notað sem fylliefni með pípu og því verði vatnsbúskap ekki raskað.

Fram kemur að ástæða þess að talin sé þörf á að leggja lögn um votlendið sé sú að færi lögnin meðfram vegi myndi hitastig vatns til bæja í nágrenninu falla undir ásættanleg mörk. Það sé mat RARIK að hægt sé að leggja stofnæðina þessa leið án þess að það valdi varanlegum spjöllum á svæðinu eða vistkerfum þess.

Í umsögn Umhverfisstofnunar segir að dæmi um sambærilegar framkvæmdir á vegum RARIK sýni að unnt sé að ganga svo til verka á svæðum með sérstaka vernd að ummerki verði einungis tímabundin. Til að draga úr áhrifum á gróður í flæðimýri ætti að leggja gróðurtorfur til hliðar og koma þeim fyrir á yfirborði í lok frágangs.

Lífríki í vatni

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að þvera þurfi vatnsföllin Hoffellsá, Þveitarlæk, Laxá í Nesjum og Bergá auk smærri lækja. Í öllum vatnsföllum verði lögnin grafin í árbotn fyrir utan Laxá þar sem þverað verði á brú. Eftirfarandi sé lýsing á botni þar sem þverað verði:

- Hoffellsá. Stórgrýttur botn þar sem þverað verður.
- Þveitarlækur liggur á milli vatnsins Þveitar og Hoffellsá. Móbotn þar sem þverað verður
- Laxá í Nesjum. Þverað á brú en klapparbotn þar sem vinnuvélar munu þurfa að athafna sig
- Bergá 7 km löng. Malarbotn þar sem þverað verður.
- Smærri lækir sem þvera þarf eru Fagurhólslækur sem rennur á milli Þveitarlæks og Hoffellsáar, Einbúalækur og Nautabrunnalækur sem liggja um mýrlendi



Fram kemur að Veiðimálastofnun hafi kannað möguleg áhrif þverana á vatnalífriki árið 2017. Meðal annars hafi verið skoðuð búsvæði laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar pípulagnar ásamt því þéttleiki og tegundasamsetning seiða hafi verið könnuð. Niðurstöður Veiðimálastofnunar voru þær að ef rétt sé staðið að framkvæmdum verði ekki séð að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi mikil áhrif á lífríki vatnsfalla. Áhrifin verði fyrst og fremst vegna rasks á framkvæmdatíma.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að fram þurfi að koma hvernig tæming lagnar fari fram m.t.t. viðhalds og viðgerða þar sem það geti haft töluverð áhrif á vatnalíf.

Í svari framkvæmdaaðila kemur fram að hönnun stofnæðarinnar geri ráð fyrir fjölda loka til að takast á við þvílík vandamál og það sé bæði sjaldgæft og óæskilegt að tæma lögnina nema ef upp kemur alvarleg bilun.

Fuglar

Fram kemur að fuglalíf á svæðinu sé mikið og fjölbreytt, alls hafi sést 26 tegundir á svæðinu og þar af þrjár tegundir sem eru á valista. Þær sé brandönd, grágæs og hrafn en einnig hafi sést til svartbaks sem sé talinn gestafugl á svæðinu. Með því að færa lögnina austur fyrir þveit er forðast að mestu að raska votlendi sem er sérstaklega mikilvægt búsvæði fyrir fugla.

Fram kemur að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi kannað gróðurfar og fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í niðurstöðum Náttúrufræðistofnunar komi fram að fyrirhuguð lagning stofnæðar muni væntanlega ekki hafa neikvæð áhrif á fuglalíf á nyrsta hluta leiðarinnar. Svæði meðfram og sunnan við þveit séu mikilvæg búsvæði fyrir margar fuglategundir. Mikilvægt sé að stofnæðin sé ekki lögð á varptíma fugla til að forðast truflun á viðkvæmum tíma. Þá segir að svæði á syðsta hluta fyrirhugaðar lagnar, sem liggja um mikilvæg búsvæði fyrir margar fuglategundir, muni væntanlega jafna sig fljótlega eftir að framkvæmdum ljúki.

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að framkvæmd verði hagað þannig að hún verði utan varptíma fugla.

Meningarminjar

Fram kemur að fornleifafræðirannsókn hafi farið fram á svæðinu og alls fundust 21 minjastaður, þar af eru 12 staðir taldir í stórhættu. Rarik hefur farið yfir þá staði sem taldir voru í stórhættu og hliðrað til legu stofnæðar þar sem nauðsyn var talin á og gefið út að tillit verði tekið til minjastaða við framkvæmdavinnu.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að það sé búið að vinna hönnun á heimaæðum í dreifbýli á svæði sem ekki hafi fallið undir skráningu á fornleifum frá 2015 eða 2018. Kemur fram að vettvangskönnun þurfi að fara fram á þeim lagnaleiðum. Einnig kemur fram að 2 ha skipulagssvæði sé fyrirhugað við Stapa sem ekki hafi verið með í fornleifaskráningu á fyrrgreindum árum né að rannsókn hafi farið fram á útskotum þar sem lögninni hafi verið hnikað. Þarf að fara fram vettvangskönnun á þessum svæðum áður en Minjastofnun getur tekið afstöðu til menningarminja innan þessara svæða. Vegna þessara annmarka telur Minjastofnun að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að heimaæðar séu ekki partur af tilkynningu RARIK til Skipulagsstofnunar og að endanleg staðsetning þeirra liggja ekki fyrir. RARIK segist munu leggja þær í samráði við Fornleifastofnun og benda á að vegna eðlis heimaæða séu þær mun sveigjanlegri en stofnæðar og auðvelt að sveigja fram hjá hugsanlegum minjum. Einnig kemur fram að skipulagssvæðið við Stapa sé ekki partur af tilkynningu til Skipulagsstofnunar en RARIK sé búið að fela Fornleifastofnun Íslands að fara yfir svæðið. RARIK muni áfram vinna í nánu samstarfi við Minjastofnun. Í frekari umsögn Minjastofnunar kemur fram að stofnunin telji að óvissuþáttum sem fyrri umsögn byggði á hafi verið svarað og ef fyrirheit RARIK um að fornleifaskráningu á svæðinu verði lokið þá telji stofnunin að framkvæmdin skuli ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.



Í umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar kemur fram að betra væri að leggja lögnina um bílaplan tjaldsvæðisins í stað þess að fara yfir tjaldsvæðið. Í svari framkvæmdaraðila er gengist við þeirri tillögu og legu lagnarinnar hliðrað, þó innan svæðis sem fornminjaskoðun muni fara fram á og hefur sú færsla ekki áhrif á umsögn Minja- eða Umhverfisstofnunar.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Auglýst hefur verið breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna hitaveitu frá Hoffelli til Hafnar. Tillaga að deiliskipulagi var auglýst samtímis.

Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Framkvæmdin er háð samþykki Sveitarfélagsins Hornafjarðar á framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin er einnig háð byggingarleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkvæmt lögum um mannvirki og einnig leyfi Orkustofnunar vegna reksturs hitaveitu, leyfi Minjastofnunar Íslands vegna fornminja, leyfi Vegagerðarinnar vegna lagningu æðar meðfram þjóðvegi og leyfi Fiskistofu vegna framkvæmda í ám.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða lagningu stofnæðar hitaveitu frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli hennar, meðal annars stærð og umfangi framkvæmdar, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Heildarlengd stofnæðarinnar er 19 km. Breidd skurða verður 0,6 til 1,0 m og dýpt þeirra í kringum 1 m. Athafnasvæði verður um 15 m og fyrirhugað er að varðveita svarðlag og gróðurtorfur þar sem það er mögulegt og nýta við frágang. Hitaveitulögnin mun á stórum hluta liggja meðfram þjóðvegi og á röskuðu svæði. Umfang rasks hefur í gegnum samráð verið lágmarkað með því að vanda val staðsetningu á stofnæðinni, meðal annars með því að leggja hana eins og auðið er í núverandi vegslóða á svæðinu.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða og kjörlendis dýra.

Eins og áður hefur komið fram er liggur lögnin meðal annars um svæði sem eru vernduð samkvæmt 1 mgr. 61 gr. í náttúruverndarlögum. Raskið á svæðinu er um 700 metrar á lengd og er athafnasvæðið að hámarki 15 metra breitt. Heildarflatarmál sem raskast á verndarsvæðinu er því að hámarki um 11.000 m². Framkvæmdaraðili telur að ekki sé hægt að fara meðfram vegi vegna þess að fjarlægð frá stofnþípu að bæjum í nágrenninu er orðin slík að hitastig vatnsins í lögnum yrði fyrir neðan ásættanleg mörk. Hefur RARIK sýnt fram á dæmi þar sem þeir hafa lagt svipaða lögn á



verndarsvæði og bent á að ef vel er gengið til verka þá verði áhrif vegna framkvæmdarinnar tímabundin. Í umsögn Umhverfisstofnunar segir að sambærilegar framkvæmdir á vegum RARIK hafi sýnt að unnt sé að ganga frá lögnum í votlendi á þann hátt að ummerki verði einungis tímabundin.

Stofnlögnin mun liggja um mikilvæg búsvæði fugla. Skipulagsstofnun telur, með hliðsjón af úttektum Náttúrufræðistofnunar Íslands á fuglalífi á svæðinu og umsagnar Umhverfisstofnunar, að lágmarka megi áhrif á fugla verði ábendingum Náttúrufræðistofnunar um að leggja ekki lög á varptíma fugla.

Lögnin mun þvera vatnsföll og telur Skipulagsstofnun, með vísan til úttektar Veiðimálastofnunar, að þveranir komi til með að hafa takmörkuð áhrif á lífríki í vatni.

Endanleg hönnun heimaæða í dreifbýli er ekki lokið og ekki liggur fyrir fornleifaskráning vegna þeirrar vinnu. Heimaæðar verða lagðar í samráði við Fornleifastofnun Íslands og unnt verður að sveigja frá fornminjum eftir þörfum. Þá hefur fornleifaskráning ekki farið fram vegna fyrirhugaðs dæluhúss við Stapa en Fornleifastofnun hefur verið falið að skrá hugsanlegar fornminjar á skipulögðu framkvæmdasvæði við Stapa. Skipulagsstofnun tekur undir með Minjastofnun Íslands að fullt samráð verði haft við Minjastofnun um nánari útfærslu og um tilhögun framkvæmda á þeim svæðum þar sem skráning fornminja hefur ekki farið fram. Skipulagsstofnun telur að lágmarka megi áhrif á fornminjar fylgi framkvæmdaraðili kröfum Minjastofnunar um mótvægisáðgerðir, rannsóknir og merkingu fornleifa.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðanna hér að ofan einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar eru á votlendi sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og á fugla. Skipulagsstofnun telur, með tilliti til framkvæmdalýsingar og umsagnar Umhverfisstofnunar, að áhrif á votlendi verði að mestu tímabundin og að ummerki framkvæmdarinnar lítt sýnileg innan fárra ára. Skipulagsstofnun telur að áhrif á fugla verði tímabundin og að mestu bundin við framkvæmdatíma fari framkvæmdir á mikilvægum fuglasvæðum fram utan varptíma, líkt og framkvæmdaraðili boðar.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á vatnalíf séu óveruleg og aðeins meðan á framkvæmdartíma stendur.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 17. desember 2018.

Reykjavík, 15. nóvember 2018

Egill Þórarinnsson

Jón Þórir Þorvaldsson